



Bæjarstjórn Garðabæjar 5. (975)/2026


Boðað er til 5. (975). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 5. mars 2026 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2602038F - Fundargerð bæjarráðs frá 24/2 '26.
2. 2602045F - Fundargerð bæjarráðs frá 3/3 '26.
2512238 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Votakur 3, deiliskipulagsbreyting.
2507363 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Krókamýri 14, fyrirspurn til umhverfissviðs.
3. 2602025F - Fundargerð leikskólanefndar frá 18/2 '26.
4. 2602041F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 26/2 '26.
5. 2601038F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla frá 20/2 '26.
6. 2602035F - Fundargerð velferðarráðs frá 20/2 '26.
7. 2601375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 16/2 '26.
8. 2602330 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 13/2 '26.
9. 2601376 - Fundargerð Stefnuráðs byggðasamlaganna frá 27/2 '26.
10. 2601544 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 13/2 '26.
11. 2602305 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 18/2 '26.


Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

Fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar 19. febrúar 2026 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.



Ólafur Þ. Gunnarsson



Bryn Fenger


Auður Magnúsdóttir


Bjarni P. Bjarnason


Linn-Lind Párisdóttir


Hannes Póssi Guðfsson


Sigrún


Guðrún Magnúsdóttir

Bæjarstjórn Garðabæjar

4. (974). fundur 2026

Fimmtudaginn 19. febrúar 2026 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Guðfinnur Sigurvinsson 1. varaforseti, Almar Guðmundsson bæjarfulltrúi, Björg Fenger bæjarfulltrúi, Bjarni Theódór Bjarnason varabæjarfulltrúi, Lilja Lind Pálsdóttir varabæjarfulltrúi, Hrannar Bragi Eyjólfsson bæjarfulltrúi, Gunnar Valur Gíslason bæjarfulltrúi, Þorbjörg Þorvaldsdóttir bæjarfulltrúi, Ingvar Arnarson bæjarfulltrúi, Brynja Dan Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi og Guðlaugur Kristmundsson bæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins. Guðfinnur Sigurvinsson, varaforseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnáði. Fundargerð bæjarstjórnar frá 5. febrúar 2026 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2602004F - Fundargerð bæjarráðs frá 10/2 '26.

Björg Fenger ræddi 6.tl. meðferðarheimili - lóð við Friðarvelli 1 og 10.tl. bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi bókun frá 622. fundi stjórnar SSH- Brúum umönnunarbilið - Skýrsla og tillögur aðgerðarhóps. Áréttáði Björg bókun bæjarráðs um málið: "Lögð fram skýrsla forsætisráðuneytisins vegna brúunar umönnunarbilsins milli fæðingarorlofs og leikskóla.

Bæjarráð tekur undir bókun stjórnar SSH frá fundi stjórnarinnar 2. febrúar sl. um mikilvægi þess að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu séu kölluð að borðinu við vinnuna og að tillögur skýrslunnar séu skoðaðar og ígrundaðar vel, en samkvæmt skýrslunni er mjög skammur tími ætlaður til undirbúnings og viðræðna vegna þeirra. Bæjarráð vísar málinu til skoðunar á fræðslu- og frístundasviði."

Brynja Dan Gunnarsdóttir ræddi 2.tl. vistun barna utan heimilis.

Guðlaugur Kristmundsson ræddi 1.tl. gæða kennslustundir - innleiðing gæða kennslustunda í grunnskóla í Garðabæ og 2.tl. vistun barna utan heimilis og lagði fram svohljóðandi bókun: "Viðreisn í Garðabæ vill draga fram mikilvægi þess að bæjarráð fylgist með framkvæmd barnaverndar á þann hátt að við drögum fram mælikvarða um umfang, framfylgd og eftirlit með barnaverndarmálum. Hér þurfa mælikvarðar að vera skýrir og skiljanlegir, mæla fjölda mála, þyngd eða alvarleika þeirra en ekki síður hversu vel gengur að ná árangri þeirra. Síðast en ekki síst þurfum við að fylgjast með og fá samantekt um það hvernig eftirliti með þessum börnum er háttað.

Eftirlit með þeirri vistun er mikilvæg og við verðum að tryggja að hún sé fjármögnuð og hafi það rými að eftirlit fari fram. Ekki bara til þess að mæta lögmætu lágmarki heldur til þess að mæta þeim börnum sem við sem samfélag höfum beitt mest íþyngjandi úrræði barnaverndar. Þess vegna er það mikilvægt að eftirlitið styðji við markmið um þessar vistanir. Eftirlit þarf því hvoru tveggja að stuðla að öryggi og ásættanlegum aðbúnað barna en ekki síður að styðja og efla þá aðila sem vista eða fóstara þessi börn. Þessi stuðningur verður að vera til eflingar og mæta þörfum barnanna sjálfra og þeirra aðila sem sinna forsjárskyldum þessara barna. Öll börn sem eru vistuð utan heimilis hafa upplifað áfall og við sem samfélag höfum ákveðið með inn gripi okkar að þetta áfall sé óásættanlegt og því þarf að mæta með stuðningi og skilningi."

Þá ræddi hann 6.tl. meðferðarheimili - lóð við Friðarvelli 1 og 12. tl. tilkynningu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi átak til hvatningar til framboða.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 2.tl. vistun barna utan heimilis og tók undir bókun Guðlaugs Kristmundssonar. Þá ræddi hún 10.tl. bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi bókun frá 622. fundi stjórnar SSH - brúum umönnunarbilið - skýrsla og tillögur aðgerðarhóps.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 3.tl. endurskoðun reglna um fjárhagsaðstoð í Garðabæ 2026, 6.tl. meðferðarheimili - lóð við Friðarvelli 1 og 9.tl. bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi bókun frá 622. fundi stjórnar SSH - viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna.

Almar Guðmundsson ræddi 1.tl. gæða kennslustundir - innleiðing gæða kennslustunda í grunnskóla í Garðabæ, 2.tl. vistun barna utan heimilis og 10.tl. bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi bókun frá 622. fundi stjórnar SSH - brúum umönnunarbilið - skýrsla og tillögur aðgerðarhóps.

Fundargerðin sem er 14.tl. er samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla mála.

2507256 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2026 (2026 - 2029) - Reglur um greiðslur til dagforeldra.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu að reglum um greiðslur vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum.

2. 2602023F - Fundargerð bæjarráðs frá 17/2 '26.

Þjörg Fenger ræddi 6.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Gálgahraun, deiliskipulag friðlands og 7.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 10. Stígakerfi í þéttbýli og þjónustukerfi.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 8.tl. Lambamýri - yfirlýsing sveitarstjórnar vegna félagsmiðstöðvar fyrir eldra fólk.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 7.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 10. Stígakerfi í þéttbýli og þjónustukerfi. Lagði Þorbjörg fram eftirfarandi bókun:

"Garðabæjarlistinn vekur athygli á því að stígar eru skipulagðir meðfram Hraunholtslæk neðan við Flatir og meðfram strandlengjunni á Arnarnesi. Báða stíga er einnig að finna í núgildandi skipulagi en hafa ekki komið til framkvæmda. Í nýrri aðalskipulagstillögu er gert ráð fyrir tengistíg með malbikuðu yfirborði við Hraunholtslæk, sem er vel. Á Arnarnesi hins vegar er enn gert ráð fyrir útivistarstíg, nánar tiltekið í flokki B. Samkvæmt þeirri skilgreiningu verður hann þröngur malarstígur án lýsingar. Garðabæjarlistinn vill sjá útivistarstíg af gerð A á Arnarnesi, með malbiki og lágstemmdri lýsingu. Bæjarbúar hafa lengi beðið eftir stígum á þessum stöðum og kominn tími til þess að gera þá að veruleika. Bæjarfulltrúar Viðreisnar og Framsóknar taka undir bókunina."

Almar Guðmundsson ræddi 7.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Stígakerfi í þéttbýli og þjónustukerfi og 1.tl. Veitur - gjaldskrárbreytingar og verkefni innan Garðabæjar. Lagði Almar fram eftirfarandi bókun:

"Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lýsa yfir vonbrigðum yfir vinnubrögðum Veitna varðandi hækkun á fastagjaldi hitaveitu á vegum fyrirtækisins. Hækkunin og ástæða hennar var illa kynnt

fyrir viðskiptavinum og gerð án samráðs við sveitarfélög sem standa utan eigendahóps félagsins. Þá gera bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins athugasemd við að undanfarin ár hafi umtalsverðar fjárhæðir verið greiddar út í arð til eiganda á sama tíma og fjárfestingarþörf félagsins hefur vaxið."

Guðlaugur Kristmundsson ræddi 1.tl. Veitur - gjaldskrárbreytingar og verkefni innan Garðabæjar.

Ingvar Arnarson ræddi 1.tl. Veitur - gjaldskrárbreytingar og verkefni innan Garðabæjar.

Gunnar Valur Gíslason tók til máls að nýju og ræddi 1.tl. Veitur - gjaldskrárbreytingar og verkefni innan Garðabæjar.

Bjarni Th. Bjarnason ræddi 1.tl. Veitur - gjaldskrárbreytingar og verkefni innan Garðabæjar.

Brynja Dan Gunnarsdóttir ræddi 7.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 10. Stígakerfi í þéttbýli og þjónustukerfi. Tók hún undir bókun Þorbjargar Þorvaldsdóttur.

Guðlaugur Kristmundsson tók til máls að nýju og ræddi 7.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 10. Stígakerfi í þéttbýli og þjónustukerfi. Tók hann undir bókun Þorbjargar Þorvaldsdóttur.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir tók til máls að nýju og ræddi 1.tl. Veitur - gjaldskrárbreytingar og verkefni innan Garðabæjar.

Almar Guðmundsson tók til máls að nýju og ræddi 7.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 10. Stígakerfi í þéttbýli og þjónustukerfi og 1.tl. Veitur - gjaldskrárbreytingar og verkefni innan Garðabæjar.

Fundargerðin sem er 13.tl. er samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla mála.

1710244 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Gálgahraun, deiliskipulag friðlands.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 12. febrúar 2026 varðandi tillögu að deiliskipulagi Gálgahrauns og Garðahrauns neðra sem unnin var af Dagnýju Bjarnadóttur landslagsarkitekt. Innan deiliskipulagssvæðisins eru tvö friðlýst svæði, annars vegar Gálgahraun sem er friðlýst sem friðland í samræmi við 1. tl. 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999 og hins vegar Garðahraun neðra sem er hluti af friðlýstum fólkvangi, í samræmi við 55. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Friðlýstu svæðin tvö mynda órofa heild frá strönd að núverandi samgöngumannvirkjum og er svæðið þekkt fyrir merkar hraunmyndanir sem ná niður að sjó. Svæðið er einnig þekkt fyrir forna slóða sem liggja í gegnum hraunið og Gálgakletta. Svæðið er á jafri byggðar og er vinsælt göngusvæði einstaklinga og gönguhópa. Megin markmið deiliskipulagsins er verndun mikilvægra náttúruminja, jarðmyndana, gróðurfars og fuglalífs. Einnig er lögð áhersla á fræðsluþátt friðlýsingarinnar og á það ekki síst við um sögulegar minjar. Undirliggjandi markmið skipulagsins snúa að lýðheilsu markmiðum Garðabæjar, þar sem lögð er áhersla á að bæta vistvænar samgönguleiðir og skapa gott aðgengi að mikilvægum útivistarsvæðum. Í skipulaginu er þannig reynt að stuðla að hollri útivist en á sama tíma vernda einstakar hraunmyndanir og náttúra með stýrðu aðgengi. Í friðlýsingu fólkvangsins segir m.a. „markmið friðlýsingarinnar er að efla lífsgæði í sveitarfélaginu með því að tryggja möguleika til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu í náttúrulegu umhverfi“, deiliskipulagið er unnið með það í huga

ásamt ríkri áherslu á náttúruvernd. Lýsing verkefnisins var samþykkt í byrjun árs 2019 og forkynning fór fram síðar á því ári. Skipulagsnefnd vísaði tillögunni til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Hún skal kynnt samhliða tillögu að breytingu Aðalskiplags Garðabæjar sem nær til stígakerfis.

2203422 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 10. Stígakerfi í þéttbýli og þjónustukerfi.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 12. febrúar 2026 varðandi tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til stígakerfis. Viðfangsefni breytingartillögunnar er heildarendurskoðun á kafla 4.2 aðalskiplagsgreinargerðarinnar um stígakerfi. Svæðið sem tillagan nær til er allt land innan sveitarfélagsmarka Garðabæjar og miðar að því að skilgreina heildrænt og skilvirkt stígakerfi með öryggi og aðlaðandi umhverfi að leiðarljósi. Skilmálar tillögunnar eru ætlaðir til leiðbeiningar fyrir deiliskipulagsgerð, verkhönnun og uppbyggingu stíga í Garðabæ til framtíðar. Texti og myndir í kafla 4.2 um stígakerfi í greinargerð Aðalskiplags Garðabæjar 2016-2030 munu verða felldir úr gildi og í staðinn komi endurskoðaður kafli um stígakerfið sem fram er settur í greinargerð framlagðrar tillögu sem kafli 2 "Breytingartillaga". Skipulagsnefnd vísaði tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2403474 - Lambamýri - Yfirlýsing sveitarstjórnar vegna félagsmiðstöðvar fyrir eldra fólk.

Bæjarstjórn staðfestir yfirlýsingu vegna félagsmiðstöðvar fyrir eldra fólk í Lambamýri.

3. 2602018F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 11/2 '26.

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi 1.tl. íbúakönnun - þjónustukönnun Gallup 2025, 2.tl. afreksstyrkir 2026 - fyrri úthlutun, 3.tl. nýting hvatapeninga 2025, 4.tl. aðsókn í sundlaugar 2025, 5.tl. þarfragreiningu um íþróttasvæði í og við Miðgarð og 15.-16.tl. umsóknir um ferðastyrki íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar.

Lilja Lind Pálsdóttir ræddi 3.tl. nýting hvatapeninga 2025

Fundargerðin er lögð fram.

4. 2602020F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 12/2 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 2602016F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 12/2 '26.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 3.tl. endurskoðun á stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks.

Brynja Dan Gunnarsdóttir ræddi 3.tl. endurskoðun á stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks. Brynja lagði fram svohljóðandi bókun:

"Framsókn fagnar að endurskoðun á þjónustu við íbúa með fatlanir eða aukna þjónustu- og stuðningsþörf sé að ljúka. Garðabær hefur aukið framlag sitt í málaflokkinn síðustu ár og er það vel. Teljum við í Framsókn mikilvægt að byggja enn frekar undir þær grunnstoðir sem eru þessum viðkvæma hópi mikilvægar.

Nauðsynlegt er að koma á forgangi fyrir ungmenni Garðabæjar á starfsbraut í þeirra

hverfissskóla eða Fjölbautarskólans í Garðabæ. Slíkur forgangur er í gildi í öðrum framhaldsskólum og því sitja ungmennin okkar í verri stöðu en önnur við útskrift úr grunnskóla og eiga í meiri hættu en fötluð ungmenni í öðrum sveitarfélögum að fá höfnun um inngöngu á slíkar brautir.

Það veur jafnframt áhyggjur að engin séu vinnuúrræðin fyrir fötluð ungmenni innan sveitarfélagsins. Teljum við að með góðu fordæmi sveitarfélagsins sjálfs og stofnana þess mætti útvíkka samstarf um að veita ungmennum með fötlun störf í hentugu starfshlutfalli víða í sveitarfélaginu okkar. Slíkt er samfélagsleg ábyrgð sem ætti að vera einfalt og sjálfsagt að koma í verk."

Gunnar Valur Gíslason tók til máls að nýju og ræddi 3.tl. endurskoðun á stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks.

Almar Guðmundsson ræddi 3.tl. endurskoðun á stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks.

Ingvar Arnarson ræddi 3.tl. endurskoðun á stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 2602015F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 12/2 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 2602012F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 11/2 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 2601045F - Fundargerð öldungaráðs frá 16/2 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 2501538 - Fundargerð heilbrigðiseftirlits frá 29/12 '25.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 2602076 - Fundargerð heilbrigðiseftirlits frá 3/2 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

11. 2601375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 2/2 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

12. 2512403 - Endurskoðun reglna um fjárhagsaðstoð í Garðabæ 2026

Bæjarstjórn staðfestir reglur Garðabæjar um fjárhagsaðstoð, með gildistíma frá og með 10. febrúar 2026.

13. 2602074 - Viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna

Bæjarstjórn samþykkir samstarfssamning milli Reykjavíkur, Kópavogs, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness um miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna.

14. 2602285 - Kosning fulltrúa í fastanefnd.

Gerð er tillaga um að Guðjón Pétur Lýðsson (G) verði kjörinn aðalmaður í Íþrótt- og tómstundaráð í stað Hörpu Þorsteinsdóttur (G). Jafnframt er gerð tillaga að Þorbjörg Þorvaldsdóttir (G) verði kjörin varamaður í íþrótt- og tómstundaráð í stað Sigurðar Sveins Þórðarsonar (G).

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar fimmtudaginn 19. febrúar 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Guðfinnur Sigurvinnsson, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Bjarni Theódór Bjarnason, (sign)
Lilja Lind Pálsdóttir, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)
Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar

7. (2202). fundur 2026

Þriðjudaginn 24. febrúar 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir varaformaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2512120 - Öryggismyndavélar í Garðabæ.

Sviðstjóri þjónustu- og þróunarviðs kynnti notkun öryggismyndavéla í Garðabæ. Myndavélum hefur verið komið fyrir við undirgöng í bænum, sem var verkefni unnið í samráði við lögregluna. Undanfarið hefur myndavélum fjölgað um þrjár við undirgöng auk þriggja löggæslumyndavéla. Nú stendur yfir samráð við lögreglu um fyrirkomulag og staðsetningu fleiri öryggismyndavélar.

2. 2510125 - Skógarprýði 6 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita A210 ehf., kt. 640725-1090, leyfi fyrir einbýlishúsi á einni hæð með innbyggðri bílgeymslu að Skógarprýði 6.

3. 2602326 - Þorraholt 1 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að Þorraholti ehf., kt. 681218-0760, leyfi fyrir breytingu á innakstri í bílakjallara í öllum húsum Þorraholtis 1A, 1B og 1C.

4. 2602286 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar UMF Stjórnunnar um tímabundið áfengisleyfi á árs hátíð Garðabæjar í Íþróttamiðstöðinni Mýrinni þann 14. mars 2026.

Lögð fram beiðni UMF. Stjórnunnar um tækifærisleyfi vegna áfengisveitinga á árs hátíð Garðabæjar í íþróttahúsinu Mýrinni 14. mars 2026.
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeiðing leyfi verði veitt.

5. 2602306 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar Ísó veitinga ehf. um veitingaleyfi í Golfskála GKG.

Lögð fram beiðni Ísó veitinga ehf. um leyfi til reksturs, veitingaleyfi í Flokki II - A veitingahús í fl.II í Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar.
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeiðing leyfi verði veitt.

6. 2508513 - Ársreikningur Garðabæjar 2025 - tillaga um afskriftir.

Bæjarráð samþykkir tillögu um afskriftir viðskiptakrafna árið 2025 samkvæmt framlögðum lista samtals að fjárhæð kr. 461.580.-

Fleira ekki gert,
Undirritun á næstu síðu.

Bæjarráð Garðabæjar
8. (2203). fundur 2026

Þriðjudaginn 3. mars 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir varaformaður, Gunnar Valur Gíslason varamaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2509298 - Sumarnámskeið barna 2026.

Guðbjörg Linda Udengård, sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs kynnti minnisblað um stöðu sumarnámskeiða í Garðabæ sumarið 2025 og áform um breytingar fyrir sumarið 2026.

Unnið er með það að markmiði að fjölbreytt sumarnámskeið ýmissa félaga í bænum spanni allar vikur sumarsins og að áfram fjölgi heilsdags námskeiðum. Veittur verður viðbótarstuðningur til nokkurra félaga til að gera þeim kleift að halda úti námskeiðum í ágúst rétt fyrir skólabyrjun. Að auki mun starfsemi fristundaheimila hefjast viku fyrir skólabyrjun fyrir börn í 2.bekk, til viðbótar við börn í 1.bekk.

2. 2601240 - Hólmatún 59A - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Garðabæ, kt 570169-6109, leyfi fyrir byggingu dælu- og hreinsistöðvar að Hólmatúni 59A.

3. 2512238 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Votakur 3, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 26. febrúar 2026 varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Akra sem nær til lóðarinnar Votakur 3 að lokinni grenndarkynningu. Gert er ráð fyrir stækkun ytri byggingarreits til vesturs þar sem heimilt yrði að stækka kjallara og útbúa svalir ofan á viðbyggingu. Engar athugasemdir bárust. Tillagan skoðast því samþykkt sem óverleg breyting á deiliskipulagi Akra.

4. 2507363 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Krókamýri 14, fyrirspurn til umhverfissviðs.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 26. febrúar 2026 varðandi umsókn um byggingarleyfi að Krókamýri 14 sem gerir ráð fyrir viðbyggingu við húsið til austurs að lokinni grenndarkynningu. Húsið er parhús og liggur fyrir yfirlýsing meðeigenda að þau geri ekki athugasemd við útfærsluna. Ekkert deiliskipulag telst í gildi í Mýrum. Skipulagsnefnd vísaði umsókn um byggingarleyfi til grenndarkynningar í

samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Engar athugasemdir bárust. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að byggingarleyfi verði veitt sem er í samræmi við grenndarkynnt gögn.

5. 2602438 - Beiðni Hestamannafélagsins Sóta um niðurfellingu fasteignagjalda 2026, dags. 19.02.26.

Bæjarráð samþykkir að veita Hestamannafélaginu Sóta styrk að fjárhæð kr. 1.006.994 til greiðslu fasteignagjalda árið 2026.

6. 2602458 - Áskorun Siglingasambands Íslands til sveitarstjórna varðandi verndun og aðgengi að strandlengju Íslands, dags. 25.02.26.

Lagt fram.

7. 2601404 - Tónlistarskóli stækkun - opnun tilboða

Eftirfarandi tilboð bárust í útboðsverkið "Stækkun Tónlistarskóla":

1. Aðalvík ehf., kr. 468.038.706, 89,0%.
2. Alefli ehf., kr. 523.954.439, 99,6%.
3. All Verk ehf., kr 488.353.564, 92,9%.
4. Atlas verktakar ehf., kr. 544.077.873, 103,5%.
5. E. Sigurðsson ehf., 460.140.756, 87,5%.
6. Eykt hf., kr. 561.470.947, 106,8%.
7. Húsameistari ehf., 608.873.560, 115,8%.
8. Íslenskir aðalverktakar hf., 622.837.123, 118,5%.
9. K16 ehf., kr. 529.803.345, 100,8%.
10. Landris ehf., kr. 541.676.392, 103,0%.
11. PK Verk ehf., kr. 593.844.975, 112,9%.
12. Sjammi ehf., kr. 499.997.404, 95,1%.
13. Stéttafélagið ehf., kr. 556.017.584, 105,7%.
14. Tindhagur ehf., kr. 652.983.592, 124,2%.

Kostnaðaráætlun verkkaupa kr. 525.806.879, 100,00%, Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda E. Sigurðssonar ehf., að fjárhæð kr. 460.140.756, (87,5% af kostnaðaráætlun).

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

Gunnar Valur Gíslason vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Fleira ekki gert,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 3. mars 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)
Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Leikskólanefnd Garðabæjar
38. fundur 2026

Miðvikudaginn 18. febrúar 2026 kl. kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir formaður, Inga Rós Reynisdóttir aðalmaður, Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Kristjana F Sigursteinsdóttir varamaður, Maria Eugenia Aleman Henriquez varamaður, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hanna Halldóra Leifsdóttir leikskólafulltrúi, Þorgerður Anna Arnardóttir fulltrúi skólastjóra, Nicoleta Mihai fulltrúi starfsmanna og Ingi Örn Jónsson fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Hanna Halldóra Leifsdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2304498 - Innleiðing farsældar í Garðabæ

Verkefnastjóri farsældar í Garðabæ, Sólveig Norðfjörð kynnti stöðu innleiðingar í Garðabæ.

2. 2509268 - Íbúakönnun - Þjónustukönnun Gallup 2025

Hulda Hauksdóttir, deildarstjóri þjónustu og stafrænnar þróunar kynnti niðurstöður könnunar sem framkvæmd var frá 17. nóvember til 13. janúar sl. Niðurstöður eru mjög jákvæðar í öllum þáttum könnunarinnar.

3. 2405508 - Þrepaskipt skólaþjónusta í leik- og grunnskólum Garðabæjar

Margrét Björk Björgvinsdóttir sérkennslufulltrúi kynnti stöðu innleiðingar á þrepaskiptri skólaþjónustu í leik- og grunnskólum í Garðabæ. Þrepaskipt skólaþjónusta er heildstætt skipulag kennslu, starfshátta og stuðningsúrræða í skólum þar sem þverfagleg teymi kennara, fagfólks og starfsfólks skipuleggur íhlutun og úrræði fyrir einstaka nemendur og hópa.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar

4. fundur 2026

Fimmtudaginn 26. febrúar 2026 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Kjartan Vilhjálmsson aðalmaður, Sigbrúður Ármann varamaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi og Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Formaður skipulagsnefndar óskaði eftir því að eitt mál yrði tekið á dagskrá sem ver ekki hluti af fundarboði. Það er fundarliður númer 11 í þessari fundargerð. Samþykkt.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1903374 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 3. Norðurnes

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 að lokinni forkynningu ásamt innkomnum ábendingum og umsögnum. Tillagan nær til Norðurness á Álftanesi. Lögð fram greinargerð þar sem að ábendingar hafa verið flokkaðar eftir efnisatriðum. Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

2. 1803108 - Norðurnes Álftaness, deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Norðurness á Álftanesi að lokinni forkynningu ásamt innkomnum ábendingum og umsögnum. Lögð fram greinargerð þar sem að ábendingar hafa verið flokkaðar eftir efnisatriðum. Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

3. 2406836 - Miðbær, svæði I og II, Garðatorg 1, deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Miðbæjar, svæði I og II að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa. Lögð fram greinargerð umhverfissviðs þar sem athugasemdir hafa verið flokkaðar eftir efnisatriðum. Umhverfissvið hefur verið með málið til skoðunar.

Skipulagsnefnd óskar eftir því að eftirfarandi atriði verði skoðuð nánar:

-Tenging Hrísmóa við Bæjarbraut m.t.t. hljóðvistar og öryggis.

-Útfærsla á aðkomu að fjölbýlishúsum í Hrísmóum.

-Að sett verði ákvæði í deiliskipulagi sem tekur á áhrifum framkvæmda á aðliggjandi byggingar m.t.t. sprengivinnu og framkvæmdatíma.

-Að útfærsla á bilastæðum og göngutenginum verði skoðuð við Kirkjulund 14.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og umhverfissviði með ofangreindum óskum.

4. 1405080 - Móar, endurskoðað deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Móa að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa. Lögð fram greinargerð umhverfissviðs þar sem athugasemdir hafa verið flokkaðar eftir efnisatriðum. Umhverfissvið hefur verið með málið til skoðunar.

Skipulagsnefnd óskar eftir því að eftirfarandi atriði verði skoðuð nánar:

-Tenging Hrísmóa við Bæjarbraut m.t.t. hljóðvistar og öryggis.
-Útfærsla á aðkomu að fjölbýlishúsum í Hrísmóum.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og umhverfissviði með ofangreindum óskum.

5. 2507363 - Krókamýri 14 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi að Krókamýri 14 sem gerir ráð fyrir viðbyggingu við húsið til austurs að lokinni grenndarkynningu. Húsið er parhús og liggur fyrir yfirlýsing meðeigenda að þau geri ekki athugasemd við útfærsluna. Ekkert deiliskipulag telst í gildi í Mýrum. Skipulagsnefnd vísaði umsókn um byggingarleyfi til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Engar athugasemdir bárust. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að byggingarleyfi verði veitt sem er í samræmi við grenndarkynnt gögn

6. 2602297 - L215102 - Hlaðan - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn eigenda "Spildu A úr landi Gru" um hugmynd að nýju heiti eignar. Lagt er til heitið Hlaðan. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við tillöguna og vísar henni til úrvinnslu tillögu að deiliskipulagi Norðurness.

7. 2601487 - Suðurhraun 10 - Deiliskipulagsbreyting

Sigríður Ólafsdóttir arkitekt gerði grein fyrir umsókn að breytingu deiliskipulags Molduhrauns. Vísað til umhverfissviðs og deiliskipulagsráðgjafa .

8. 2510094 - Vetrarmýri - Dsk.br. - Skólalóð

Skipulagsstjóri gerði grein fyrir frumskoðun á fyrirhugaðri grunnskólalóð við rætur Hnoðrahólts.

9. 2602329 - Breyting á deiliskipulagi Suðrhafnar vegna Óseyrarbrautar 26 - ósk um umsögn

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við tillöguna.

10. 2602392 - Nýbýlavegur 1 - breyting á aðalskipulagi, nr. 0076/2026: Lýsing (Breyting á aðalskipulagi)

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við lýsinguna.

11. 2512238 - Votakur 3 - Deiliskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Akra sem nær til lóðarinnar Votakur 3 að lokinni grenndarkynningu. Gert er ráð fyrir stækkun ytri byggingarreits til vesturs þar sem heimilt yrði að stækka kjallara og útbúa svalir ofan á viðbyggingu. Engar athugasemdir bárust. Tillagan skoðast því samþykkt sem óveruleg breyting á deiliskipulagi Akra.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd Tónlistarskóla Garðabæjar
12. fundur 2026

Föstudaginn 20. febrúar 2026 kl. 08:00 kom skólanefnd Tónlistarskóla Garðabæjar saman til fundar í Tónlistarskóla Garðabæjar, Kirkjulundi.

Fundinn sátu: Lilja Lind Pálsdóttir formaður, Sigrún Antonsdóttir aðalmaður, Ingvar Arnarson aðalmaður, Laufey Ólafsdóttir skólastjóri og Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Laufey Ólafsdóttir, skólastjóri.

Einnig sat fundinn Hulda Hauksdóttir, deildarstjóri þjónustu og stafrænnar þróunar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2509268 - Íbúakönnun - þjónustukönnun Gallup 2025

Hulda Hauksdóttir deildarstjóri þjónustu og stafrænnar þróunar kynnti helstu niðurstöður þjónustukönnunar.

2. 2602214 - Skólastarfið á vorönn.

Skólastjóri fór yfir verkefni og viðburði vorannar m.a. tónleikaferð C blásarasveitar til Englands í júní nk.

3. 2503122 - Staðan á stækkun Tónlistarskólans.

Skólastjóri kynnti stöðuna á stækkun skólans s.s. útboð og væntanlegt upphaf framkvæmda.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Velferðarráð Garðabæjar

2. fundur 2026

Föstudaginn 20. febrúar 2026 kl. 08:15 kom velferðarráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason formaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Rakel Steinberg Sölvadóttir aðalmaður, Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Snædís Björnsdóttir lögfræðingur.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2507256 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2026 (2026 - 2029)

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri, kynnti fjárhagsáætlun Garðabæjar 2026.

2. 1903268 - Tölulegar upplýsingar í barnavernd

Anna Eygló Karlsdóttir, deildarstjóri barnaverndar, sat fundinn undir þessum lið og kynnti stöðu barnaverndarþjónustu Garðabæjar.

3. 2509275 - Endurskoðun á stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks

Drög að endurskoðaðri stefnu í málefnum fatlaðs fólks í Garðabæ lögð fram til kynningar og umræðu.

4. 2410319 - Búsetuúrræði fyrir fatlað fólk í Hnoðraholti

Staða verkefnis kynnt.

5. 2502547 - Íbúáþing eldra fólks 2026

Sviðsstjóri velferðarsviðs kynnti fyrirhugað íbúáþing eldra fólks, sem fram fer í Sjálandi þann 11. mars næstkomandi.

6. 2101189 - Samráðsfundir velferðarsviða hjá SSH

Fundargerðir samsráðsfunda velferðarsviða hjá SSH í janúar og febrúar lagðar fram til kynningar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**623. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 16. febrúar 2026
og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Ásdís Kristjánsdóttir, Alexandra Briem, Almar Guðmundsson, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH

Ásdís Kristjánsdóttir varaformaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Sóknaráætlun - áhersluverkefni 2026 - 2511010

Áframhaldandi umræður frá vinnufundi stjórnar sem haldinn var í Höfða 16. janúar sl. um áhersluverkefni sóknaráætlunar 2026. Framkvæmdastjóri kynnis fyrirbyggjandi tillögur að áhersluverkefnum ársins 2026. Umræður.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra er falið að vinna fyrirbyggjandi tillögur áfram til samræmis við umræður fundarins og senda stjórn til samþykktar milli funda. Í kjölfar þess verða tillögurnar lagðar fyrir stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál.

2. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Kynning og umræður um stöðu mála varðandi fyrirkomulag almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og starfsemi nýs félags, Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf.

Umræður um tillögu að dagskrá fundar stefnuráðs byggðasamlaganna sem haldinn verður 20. febrúar nk. en á 621. fundi stjórnar SSH var skrifstofu SSH falið að boða til fundar Stefneuráðs byggðasamlaganna til kynningar og yfirferðar málsins.

Niðurstaða:

Umræður.

3. Fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum o.fl. - 2311003

Drög að frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum liggja nú til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda en umsagnarfrestur er til 17. febrúar nk. Áframhaldandi umræða frá 622. fundi um viðbrögð SSH við framlögðum



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

frumvarpsdrögum.

Niðurstaða:

Skrifstofu SSH er falið að fullvinna fyrirliggjandi drög að umsögn og senda í samráðsgátt stjórnvalda.

4. Foreldrahús - 2602002

Fyrirliggjandi til umræðu er erindi framkvæmdastjóra Foreldrahúss sem barst með tölvupósti dags. 14. janúar 2026.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Umræðum frestað til næsta fundar.

5. Samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 - 2601003

Fyrirliggjandi til staðfestingar er umsögn SSH um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026-200 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2026-2030 sem send var nefndasviði Alþingis 9. febrúar sl. en á 622. fundi var framkvæmdastjóra falið að fullgera umsögn SSH um samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2026-2030 og senda til Alþingis.

Niðurstaða:

Staðfest.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**143. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 13. febrúar 2026
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Andri Steinn Hilmarsson, Ásgeir Sveinsson, Baldur Ólafur Svavarsson, Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Hákon Jónsson, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Karen María Jónsdóttir, Lovísa Björg Traustadóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Sævar Birgisson og Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Ásdís Ólafsdóttir, svæðisskipulagsstjóri

Formaður Hjálmar Sveinsson setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Óskir og væntingar til framtíðarbúsetu og staðan á húsnæðismarkaði - kynning - 2003003

Sumarið 2025 lét Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) framkvæma könnun á húsnæðisþörf Íslendinga. Skoðað var hvernig Íslendingar búa í dag og hvernig þeir sjá fyrir sér stöðuna eftir 5 ár, með tilliti til ýmissa atriða, svo sem búsetuforms, staðsetningar, stærðar og tegundar húsnæðis. Þá var einnig kannað hvaða atriði hefðu mest áhrif við val þátttakenda á húsnæði.

HMS heldur einnig utan um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga og mælaborð vísitalna íbúða- og leiguverðs.

Gestir

Krístín Amalía Líndal, hagfræðingur hjá HMS -

Krístín Amalía Líndal, kynnti helstu niðurstöður könnunarinnar og fór yfir íbúðapróun og stöðuna á húsnæðismarkaði höfuðborgarsvæðisins.

2. MOS Blikastaðaland 1. áfangi, tillaga að nýju deiliskipulagi og rammahluti aðalskipulags. - 2312004

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni úr Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá Mosfellsbæ dags. 15. janúar 2026 varðandi ofangreint.

Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögn svæðisskipulagsnefndar.

Umsögnin var samþykkt samhljóða og svæðisskipulagsstjóra falið að senda hana.

3. RVK Borgarlína 1. lota - Suðurlandsbraut, tillaga að nýju deiliskipulagi. - 2601005

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni úr Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá Reykjavíkurborg dags. 29. janúar 2026 varðandi ofangreint.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögn svæðisskipulagsnefndar.

Umsögnin var samþykkt samhljóða og svæðisskipulagsstjóra falið að senda hana.

Andri Steinn Hilmarsson, Ásgeir Sveinsson, Björg Fenger, Hákon Jónsson, Hildur Björnsdóttir, Lovísa Björg Traustadóttir og Sævar Birgisson leggja fram eftirfarandi bókun: „Fyrirliggjandi umsögn tekur einungis til svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og tekur því ekki afstöðu til deiliskipulagsins við Suðurlandsbraut. Teja fulltrúarnir mikilvægt að ekki sé þrengt að bílaumferð á höfuðborgarsvæðinu enda mikilvægt að tryggja greiðar samgöngur og draga úr umferðartöfum.“

4. **Garðaholt og Garðahverfi - Breyting á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 - 2011006**

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni úr Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá Garðabæ dags. 29. janúar 2026 varðandi ofangreint. Breytingin gerir ráð fyrir landnotkun fyrir samfélagsþjónustu á lóð Grænagarðs í samræmi við hugmynd um skólafestiseinu á lóðinni.

Svæðisskipulagsnefnd hefur tekið erindið fyrir á fyrri stigum þess. Á 100. fundi nefndarinnar þann 14. maí 2021 var ákveðið að gera ekki athugasemdir við vinnslutillögu að breytingum sem þá voru í forkynningu.

Svæðisskipulagsstjóri hefur yfirfarið fyrirliggjandi gögn með tilliti til svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og ekki er talin ástæða til að skrifa sérstaka umsögn vegna erindisins.

Lagt er til að svæðisskipulagsstjóra verði falið að skila inn svari vegna erindisins í Skipulagsgátt þar sem fram kemur að svæðisskipulagsnefnd geri ekki athugasemdir við tillögurnar á forsendum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Samþykkt

Elís Guðmundsson fór af fundi.

5. **Gb Norðurnes á Álftanesi - aðalskipulagsbreyting, kynning tillögu á vinnslustigi. - 2006011**

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni úr Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá Garðabæ dags. 15. janúar 2026 varðandi ofangreint. Í breytingunum felst meðal annars að svæði fyrir íbúðabyggð stækkar og ný bætast við, íþróttasvæði fyrir golfvöll stækkar og breytist, og svæði fyrir verslun og þjónustu bætast við. Einnig er gert ráð fyrir fjölgun íbúða.

Svæðisskipulagsstjóri hefur yfirfarið fyrirliggjandi gögn með tilliti til svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og ekki er talin ástæða til að skrifa sérstaka umsögn vegna erindisins.

Lagt er til að svæðisskipulagsstjóra verði falið að skila inn svari vegna erindisins í Skipulagsgátt þar sem fram kemur að svæðisskipulagsnefnd geri ekki



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

athugasemdir við tillögurnar á forsendum svæðisskipulags
höfuðborgarsvæðisins.

Samþykkt

Næsti fundur nefndarinnar er fyrirhugaður þann 13. mars næstkomandi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:15.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**14. fundur Stefnuráðs byggðasamlaganna
var haldinn í Sveinatungu, Garðabæ, föstudaginn 27. febrúar 2026
og hófst hann kl. 10:45.**

Fundinn sátu:

Almar Guðmundsson, Árni Rúnar Þorvaldsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Björg Fenger, Einar Þorsteinsson, Regína Ásvaldsdóttir, Þorkell Sigurlaugsson, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Guðlaugur Kristmundsson, Valdimar Birgisson, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, ritari Stefnuráðs byggðasamlaganna

Hildigunnur Hafsteinsdóttir ritari Stefnuráðs byggðasamlaganna setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fyrirkomulag almenningsamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Kynning á ferli málsins og stöðu þess.
Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH kynnir.

Helstu atriði þjónustusamnings.
Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH kynnir.

Samstarf Strætó bs. og Almenningsamganga höfuðborgarsvæðisins ohf. á yfirfærslutímabili.
Jóhannes Svavar Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs. kynnir.

Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. Staða og næstu skref.
Örn Guðmundsson formaður stjórnar Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins kynnir.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi
Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs.
Kristín María Thoroddsen stjórnarmaður í Strætó bs.
Hrannar Bragi Eyjólfsson stjórnarmaður í Strætó bs.
Alexandra Briem formaður stjórnar Strætó bs.
Örn Guðmundsson formaður stjórnar Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf.
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir Expectus ráðgjöf

Niðurstaða:

Umræður. Til máls tóku Alexandra Briem, Jóhannes Svavar Rúnarsson, Páll



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Björgvin Guðmundsson, Örn Guðmundsson, Einar Þorsteinsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Almar Guðmundsson, Þorkell Sigurlaugsson, Hrannar Bragi Eyjólfsson, Kristín María Thoroddsen, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson og Guðlaugur Kristmundsson.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir ritari stefnuráðs sleit fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:15.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

421. fundur

Föstudaginn 13. febrúar 2026 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Mætt voru:

Kristín Thorarensen (KT) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Magnús Örn Guðmundsson (RJ), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) og Sigurborg Þórarinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Ungmennafargjöld.
2. Ungmenni á Kjalarnesi.
3. Lífeyrissjóðsuppgjör.
4. Fjármál Strætó.
5. Pant 2025.
6. Ábendingar ytri endurskoðenda.
7. Stefnuráðsfundur.
8. Nýtt félag.
9. Reykjavegur- endastöð.

1. Ungmennafargjöld

Lögð var fram útskrift úr fundargerð Reykjavíkurborgar, dagsett 3.2.2026 um að gjaldfrjálst verði í Strætó fyrir reykvísk ungmenni á grunnskólaaldri. Umræður urðu um málið, stjórn óskar eftir minnisblaði um málið í samræmi við umræður á fundinum.

2. Ungmenni á Kjalarnesi

Frá og með síðustu áramótum var aðskilið alveg á milli greiðslukerfa í landsbyggðarstrætó og höfuðborgarstrætó. Hefur haft áhrif á ungmenni á Kjalarnesi sem þurfa nú að greiða fargjald í bæði kerfin. Á sama tíma verður tíðni leiðar 29 aukinn upp á Kjalarnes til að koma á móts þarfir íbúa Kjalarnes.

3. Lífeyrissjóðsuppgjör

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu á lífeyrissjóðsmálum tengt uppgjöri Strætó gagnvart Reykjavíkurborg og lífeyrissjóðnum Brú. Stjórn felur framkvæmdarstjóra að óska eftir frekari gögnum og ganga frá málinu í samræmi við umræður á fundinum

4. Fjármál Strætó

Framkvæmdastjóri fór yfir sölutekjur í janúar en tekjur eru um 2% undir áætlun. Jafnframt var farið yfir stöðu uppgjörsmála við akstursaðila vegna seinkanna í leiðarkerfinu og áhrif kílómetrargjalds á uppgjör. Kostnaður Strætó er sambærilegur fyrir og eftir breytingu þó eykst lítillega kostnaður við rekstur rafvagna með upptöku kílómetrargjalds.

5. Pant yfirlit

Sturla Halldórsson, deildarstjóri Pant kom á fundinn og fór yfir tölfræði ársins 2025. Farið var yfir skýrslu um samanburð akstursþjónustu milli sveitarfélaga, sem stjórn SSH óskaði eftir. Framkvæmdastjóra sendir skýrsluna á SSH.

6. Ábendingar ytri endurskoðenda

Framkvæmdastjóri lagði fram viðbrögð stjórnenda Strætó við ábendingum ytri endurskoðenda.

7. Stefnuráðsfundur

Boðað hefur verið til stefnuráðsfundar Strætó þann 20.2 n.k. Umræður um málið.

8. Nýtt félag - staðan

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna og hvað væri fram undan.

9. Reykjavegur - endastöð

Fjöldi vagna á endastöð leiðar 15 í Mosfellsbæ er meiri en stöðin ræður við. Í samráði við akstursaðila hefur verið leitað leiða til að fækka þeim, en ljóst er að þörf er á bílastæðum á stæðunum til að leggja vögnum. Stjórn felur framkvæmdastjóra að leita leiða til að leysa þetta og óska eftir lóð þar sem hægt er að leggja tímabundið vögnum.

Fundi slitið 09:45.

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thorarensen.

Lovísa Jónsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson



Bæjarstjórn Garðabæjar 5. (975)/2026

Boðað er til 5. (975). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 5. mars 2026 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2602038F - Fundargerð bæjarráðs frá 24/2 '26.
2. 2602045F - Fundargerð bæjarráðs frá 3/3 '26.
2512238 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Votakur 3, deiliskipulagsbreyting.

2507363 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Krókamýri 14, fyrirspurn til umhverfissviðs.
3. 2602025F - Fundargerð leikskólanefndar frá 18/2 '26.
4. 2602041F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 26/2 '26.
5. 2601038F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla frá 20/2 '26.
6. 2602035F - Fundargerð velferðarráðs frá 20/2 '26.
7. 2601375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 16/2 '26.
8. 2602330 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 13/2 '26.
9. 2601376 - Fundargerð Stefnuráðs byggðasamlaganna frá 27/2 '26.
10. 2601544 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 13/2 '26.
11. 2602305 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 18/2 '26.

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2026, miðvikudaginn 18. febrúar var haldinn 434. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 07:50.

Mættir: Sara Björg Sigurðardóttir formaður, Bjarni Th. Bjarnason Garðabæ, Kristín Thoroddsen Hafnarfirði, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi og Sævar Birgisson Mosfellsbæ.

Jafnframt: Magnús Árnason, Atli Steinn Árnason og Helga Björnsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Í framhaldi af kynningu á ofanflóðahættumati á seinasta fundi samstarfsnefndarinnar 17. desember 2026 var upplýst um að matið hefði verið til kynningar hjá SSH sem síðan sendi á sveitarfélögin og verði í framhaldi auglýst hjá Kópavogsbæ vegna Bláfjalla og Reykjavík vegna Skálafells.
 - kl. 08:00 mætti Andri Sveinn Hilmarsson Kópavogi á fundinn.
- Lóðamál skíðaskálanna í Bláfjöllum. Lögð fram auglýsing frá Kópavogsbæ um lóðir í Bláfjöllum.
[Auglýsingar á lausum lóðum og öðrum tengdum verkefnum | Kópavogur](#)
- Lagt fram minnisblað forstöðumanns skíðasvæðanna dags. 16. febrúar 2026 um stöðuna í fjöllum. Helgina 10.-11. janúar var opnað fyrir almenning á byrjendasvæði og aftur 17. janúar. Síðan hefur ekki verið opið vegna snjóleysis. Stefnt er á opnun 19. febrúar 2026.

Fundi slitið kl. 08:45.

Sara Björg Sigurðardóttir

Andri Sveinn Hilmarsson
Kristín Thoroddsen
Sævar Birgisson

Magnús Örn Guðmundsson
Bjarni Th. Bjarnason